

Veðurstofa Íslands
b/t Vilhjálmur Smári Þorvaldsson
Bústaðavegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 7. september 2015
UST201508-082/P.V.B.
09.05.01

Efni: Surtsey - fararleyfi 2015

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Vilhjálms Stefánssonar fyrir hönd Veðurstofunar dags. 31. ágúst 2015 vegna óskar um fararleyfi til Surtseyjar vegna viðhalds veðurstöðvar og gasmælinga. Um er að ræða ósk um að fá að breyta dagsetningum á áður útgefnu fararleyfi sem gefið var út 19. ágúst 2015.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga á land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sterka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.


Tilgangur ferðarinnar er sinna viðhaldi veðurstöðvar sem staðsett er í eyjunni og framkvæma gasmælingar. Um er að ræða dagsferð á tímabilinu 14-18. September, fer eftir veðri.


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið í einn dag á tímabilinu 14-18. september 2015:

- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila:
 - Vilhjálm Smára Þorvaldsson
 - Jón Bjarna Friðriksson
 - Melissu Anne Pfeffer
 - Baldur Bergsson
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og búnað áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.

Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur, sem verður með í för.

Virðingarfyllt


Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur

